

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 43

Dags. 10.4.2013

Skipulags- og umhverfisnefnd - 10.04.2013

43. fundur.

10. apríl 2013 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Hlynur Snæbjörnsson

Hörður Þór Benónýsson

Þórunn Jónsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

(í fjarveru Guðrúnar Tryggvadóttur)

1. Kvíaból, Kinn. Bygging vélaskemmu.

S20130301

Erindi dags 27. mars 2013 frá Marteini Sigurðssyni kt. 070757-5599, Kvíabóli, Kinn þar sem hann sækir um heimild til að reisa vélaskemmu á Kvíabóli skv. meðfylgjandi afstöðumynd frá Búgarði (GHG) dags. 3. desember 2012. Stærð fyrirhugaðrar skemmu er 16x32.8 m.

Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag, leggur skipulags- og umhverfisnefnd til við sveitarstjórn að leitað verði meðmæla Skipulagsstofnunar til að heimila umrædda framkvæmd í samræmi við 1. tölulið „Ákvæði til bráðabirgða“ í 57. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Árteigur í Kinn. Viðbygging við verkstæðishús í Árteigi

S20130102

Tekið fyrir að nýju erindi dags 24. janúar 2013 frá Eiði Jónssyni kt. 280957-5269 og Arngrími P. Jónssyni kt. 040567-4539 þar sem þeir sækja um byggingarleyfi fyrir fyrir viðbyggingu við verkstæðishús sem þeir eiga til helminga í Árteigi. Í væntanlegri viðbyggingu er gert ráð fyrir véla- og verkfærageymslu auk lagers. Einnig sækja þeir um að rífa hluta af eldri viðbyggingu við núverandi verkstæðishús. Erindið var grenndarkynnt fyrir nágrönnum skv. 2. mgr.44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 5. mars til og með 2. apríl 2013. Engar athugasemdir bárust.

Þar sem engar athugasemdir bárust við grenndarkynningunni felur skipulags- og umhverfisnefnd skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða byggingarleyfisumsókn og gefa út byggingarleyfi þegar tilskilin gögn hafa borist.

3. Belgsá í Fnjóskadal. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar.

S20130402

Erindi dags 3. apríl 2013 frá Sigurði Skúlasyni, skógarverði, f.h. Skógræktar ríkisins þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna jarðvinnslu með TTS-herfi, gróðursetningu á stafafuru og rússalerki í um 40 ha landsvæði Skógræktar ríkisins í landi Belgsár í Fnjóskadal. Áætluð slóðagerð vegna fyrirhugaðra framkvæmda er um 1,8 km. Fyrirhuguðum framkvæmdum og nýtingaráætlun fyrir Belgsá er lýst nánar í fylgigögnum með umsókn, loftmyndum og greinargerð.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við framlögð gögn umsækjanda. Haft verði samráð við minjavörð Norðurlands varðandi fornminjar á svæðinu við útgáfu framkvæmdaleyfis.

4. Árbót í Aðaldal. Breyting á aðalskipulagi

S20121202

Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna stækkunar á frístundabyggð í landi Árbótar í Aðaldal. Tillagan er sett fram á uppdrætti frá Hornsteinum, arkitektum dags. 4. apríl 2013. Jafnframt er lögð fram skipulagslýsing dags. 5. apríl 2013 frá Vigfúsi Sigurðssyni en hún er efnislega samhljóða skipulagslýsingu deiliskipulags sem sveitastjórn samþykkti á fundi sínum 10 janúar 2013. Tillöguuppdráttur með tilheyrandi textabreytingum vegna breytingar á aðalskipulagi var kynntur í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 4. apríl s.l.

Skipulags og umhverfisnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna lýsinguna og efna til kynningarfundar vegna breytingar á aðal- og deiliskipulagi eins og skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um.

Þá leggur nefndin til við sveitarstjórn, með vísan í fyrrgreind lög, að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að auglýsa samhliða breytingu á aðal- og deiliskipulagi að kynningu lokinni.

5. Rauðaskriða I-III. Breyting á deiliskipulagi

S20120201

Tekið fyrir að nýju erindi dags 8. mars 2013 frá Harald R. Jóhannessyni, f.h. Rauðuskriðu ehf. kt. 680602-3440 þar sem sótt er um að gerðar verði breytingar á gildandi deiliskipulagi Rauðuskriðu I-III þar sem gerð er tillaga að nýjum byggingarreit v2 vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við borðsal til vesturs á núverandi íbúðar- og gistihúsi. Stærð fyrirhugaðrar viðbyggingar er 41,1 m² og 117,5 m³. Gildandi deiliskipulag gerir einungis ráð fyrir byggingarreit v vegna mögulegrar viðbyggingar til suðurs. Meðfylgjandi er tillöguuppdráttur að breyttu deiliskipulagi frá Búgarði (GHG) dags 7. mars 2013.

Tillagan að óveruleg breyting skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var grenndarkynnt eins og 2. mgr. 44. gr. sömu laga kveður á um frá og með 3. apríl til og með 8. apríl 2013, en þá höfðu þeir sem hagsmuna eiga að gæta tjáð sig og ekki gert athugasemdir við breytinguna.

Þar sem engar athugasemdir bárust við grenndarkynningunni felur skipulags og umhverfisnefnd skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar eins og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Fundi slitið.